

# STJÓRNARTÍÐINDI A 20 – 1998

1. september 1998

457

Nr. 111

## BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS um að Alþingi skuli koma saman fimmtudaginn 1. október 1998.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman fimmtudaginn 1. október 1998.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 1. september 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Davíð Oddsson.*

27. júlí 1998

Nr. 112

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 27. júlí 1998.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**